

Mál nr. 367/2021**M og
V1 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar A og
V2 v/ ábyrgðartryggingar bifreiðarinnar B****Árekstur á Norðurhelli í Hafnarfirði til móts við hús nr. 17 þann 20.9.2021.****Gögn.**

Málskot, móttækið 28.9.2021, ásamt fylgigögnum og síðari athugasemdum, dags. 18.10.2021.

Bréf V1, dags. 15.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Bréf V2, dags. 8.10.2021, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Báðum bifreiðum var ekið eftir Norðurhelli í sömu akstursstefnu. Er B var ekið áleiðis vinstra megin fram úr A rákust saman vinstra framhorn B og aftanverð vinstri hlið A (afturbretti, síls og felga).

M, ökumaður A, kvað ökumann B hafa ætlað að taka fram úr sér. Það hafi ekki tekist sem hafi endað með því að ökumaður B hafi hemlað og ekið inn í hlið A. B hafi verið óskoðuð og eitthvað gæti hafa bilað í hjólabúnaði hennar. Í samtali við ökumann B tveimur dögum eftir áreksturinn hafi ökumaður B tjáð honum að eitthvað væri bilað í fremri hjólabúnaði B sem hann væri að laga. Mögulega hafi því eitthvað bilað í hjólabúnaði B sem hafi verið þess valdandi að henni var ekið utan í A.

Ökumaður B kvaðst umrætt sinn hafa verið að aka fram úr A. Er hann hafi verið við miðja hlið A hafi ökumaður A byrjað að aka fram úr bifreið sem hafi verið fyrir framan A, sveigt til vinstri og utan í B.

Álit.

Samkvæmt c-lið 2. mgr. 23. gr. umferðarlaga nr. 77/2019 skal ökumaður sem ætlar fram úr ökutæki ganga úr skugga um að það sé unnt án hættu og athuga sérstaklega hvort ökumaður sem á eftir ekur hafi byrjað akstur fram úr honum. Þá skal sá sem ekur fram úr öðru ökutæki skal hafa nægilegt hliðarbil milli ökutækis síns og þess sem ekið er fram úr, sbr. 3. mgr. sömu lagagreinar. Þá segir í 5. gr. laga nr. 30/2019 um ökutækjatrýggingar að ef tjón hlýst af árekstri ökutækja skiptist tjónið á þau í réttu hlutfalli við sök þeirra sem hlut eiga að máli og með hliðsjón af atvikum öllum.

Ökumenn eru einir til frásagnar um áreksturinn og tildrög hans. Samkvæmt lýsingu þeirra verður ekki ráðið hvort áreksturinn verði rakinn til þess að ökumaður A hafi ekki gætt að umferð á leið fram úr sér áður en hann sjálfur hóf framúrakstur ellegar að ökumaður B hafi ekki gætt þess að hafa nægilegt hliðarbil milli bifreiðanna. Af skemmdum á bifreiðunum verður samkvæmt gögnum málsins ekkert ráðið hvað hafi valdið árekstrinum. Ekkert verður heldur séð af fyrirbyggjandi myndbandsupptöku hvað kunni að hafa valdið árekstrinum. Þá er ósannað að bilun hafi verið framhjólabúnaði B sem hafi valdið árekstrinum. Í ljósi þessa og með vísan til 5. gr. laga nr. 30/2019 verður ekki hjá komist að skipta sök að jöfnu milli ökumanna.

Niðurstaða.

Hvor ökumanna ber helming sakar.

Reykjavík, 9. nóvember 2021.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögm.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.